

ARNA GUÐNÝ VALSDÓTTIR
RANNSÓKNAREÐLI LISTARINNAR
I

Íslensk orðabók skiftir orðinu eða hugtakinu „list,, í þrjá þætti:
Sá fyrsti fjallar um listina sem: „ **þá íþrótt að búa til eitthvað fallegt eða eftirsóknarvert**".

Annar þátturinn fjallar um listina sem **sérhæfileika** og sá þriðji fjallar um listina sem **námsgrein eða kennigreinin** „ **hinar sjö frjálsulistir**„ miðaldaháskólans, „Septem artes liberales".

Í umræðu um list er sjónum iðulega beint að fyrstu tveim liðum þessara útskýringa, þ.e. að **sýnilegu birtingarformi listarinnar**.

Listin á sér mörg andlit og margvísleg birtingarform og vissulega eru þeir þættir listarinnar sem lýst er í fyrri tveim þáttunum mikilsverðir en lýsa þó í raun eingöngu litlu broti af því sem í henni felst.

Það er eðli listarinnar sem mér finnst mest um vert að skoða..

Þeir þættir hennar sem umlykja listaverkið sjálft.

Það sem kom á undan og það sem kom á eftir.

Þegar sagt er: „ sú íþrótt að búa til e-ð fagurt eða eftirtektarvert“ getum við spurt okkur : Hvenær er eitthvað fagurt og hvenær er eitthvað eftirtektarvert?

Er fegurðin alltaf falleg? Er hún alltaf snoppufríð?

Ég lít fyrst og fremst á **list sem hugarfar**, sem **aðkomu**. Hún er opin og leitar tenginga. Eðli hennar er forvitið og fróðleiksfú

Hún rannsakar, spyr spurninga, **meðvitað og ómeðvitað** og tekur engu sem gefnu. Hún felur í sér **samskipti**. Hún fjallar um það að ná sambandi.

Annarsvegar við sjálfan sig, tilfinningar sínar og hugsanir, hinsvegar við umheiminn, efniviðinn, samferðamennina.

Húnfjallar um það að draga ályktanir sem eru ekki byggðar á fordómum heldur á ígrundun.

Hún fjallar um það að bera **eigin skynjanirsaman við annara** til þess að gera okkurbetur grein fyrir lífi okkar og tilveru.

Hver er ég og hversvegna er ég hér?
Hver ert þú og hversvegna ert þú hér?
Hvar enda ég? Hvar byrjar þú?
Hvað er langt frá þér til mín?

Ef ég leyfi listinni að vera með mér í hvunndegnum þá hjálpar hún mér við það að gera hann og það sem hann réttir mér eftirsóknarvert. Hún gerir það að verkum að ég staðna ekki við eiginfordóma, heldur legg mig fram við það að kynnast eðli þess sem að höndum ber. Á þann hátt fæ ég tækifæri til þess að upplifa og njóta fegurðar þar sem við ég síst vænti hennar.

RANNSÓKNAREÐLI LISTARINNAR II

Er listin bara viðbót við lífið okkar eða er hún mikilsverður þáttur í því hvernig við mætum því sem að höndum ber?
Getum við nýtt listina á miklu markvissari hátt en raun ber vitni, til þess að bæta samskipti manna á milli, til þess að bæta líðan okkar, og hæfni til að takast á við daglegt líf. **Hæfni okkar til þess að mæta því óþekkta.**

Í erindi þessu mun ég fjalla um meðfædda fróðleiksfýsni mannsins og **eðlislæga hæfni tilskapandi hugsunar og starfa.**

Að læra í gegn um listir felur það í sér að virkja meðfædda forvitni og þörf hvers og eins til þess að nema og finna lausnir.
Í gegn um myndlistarvinnu og alla vinnu með skilningarvitin erum við að virkja eðlislæga hæfni barnanna okkar til þess að „lesa“ sjálf sig og tilveruna.
Við erum að virkja hæfni barnanna okkar til náms.

Ég vil leitast við að rökstyðja þá skoðun mína að listir ættu að vera **viðurkenndar sem grunnfag** í skólakerfinu okkar á öllum aldurstigum.
Ég tel nauðsynlegt að eðlislægur rannsóknarþáttur listarinnar sé **viðurkenndur** og mikilvægi hennar sem **leiðar til samskipta** með áherslu á að gera **nemendur læsa á óyrt skilaboð frá umhverfinu.**

Ég fagna því að í nýrri námsskrá grunnskóla er fjallað á mjög ítarlegan hátt um **mikilvægi listmenntunar** í öllu skólasterfi og í þroska hvers einstaklings.
En á meðan við breytum ekki áherslum í því hvað lokapróf feli í sér þá erum við í raun ekki að breyta neinu.
Ég sé ekkert réttlæti í því að **lágur einkunnir í stærðfræði geti stöðvað nemanda sem stendur sig vel í t.d. myndlist** í því að komast áfram í nám við sitt hæfi en

lágar einkunnir í listum breyta engu um það hvort sá sem stendur sig vel á stærðfræðiprófum komist hvert sem hann vill.

Ef, þrátt fyrir allt hið metnaðarfulla starf sem á sér stað víðsvegar ískólakerfinu, þar sem verið er að reyna að koma til móts við einstaklinginn á hans eigin forsendum, komi alltaf að þeim tímapunkti þar sem öllu er kastað fyrir róða og eingöngu tekin próf í mjög afmörkuðum, útkomumiðuðum þáttum þá er ekki von á breytingum til góðs.

Það er ekki rétt að öllum sé þröngvað í gegn um sama nálaraugað.

Með **Óyrt skilaboð** á ég við það táknmál sem felst í meðferð lita, forma, í myndbyggingu, hljómfalli, hreyfingu, hrynj. o.s.frv.

En margsannað er að þessir þættir hafa sterk áhrif á tilfinningar okkar og líðan, skoðanir og athafnir. Þeir geta skift sköpum í því hvernig við túlkum hið talaða mál. Hvítvoðungur sem enn hefur ekki náð að tileinka sér hið talaða mál er þegar í upphafi lífs síns farin að skynja þessi tákn sem sýnir sig í því hver áhrif litir, form og hljóð hafa á líðan hans.

Þetta er því í raun **fyrsta tungumálið** sem við tileinkum okkur. Ekki vegna þess að við fáum beina kennslu í því heldur vegna þess að reynslan kennir okkur að túlka skynjun okkar og smámsaman að tengja hana daglegu lífi okkar.

Eins og barn

Sagt hefur verið að sannir listamenn, heimspekingar og vísindamenn eigi það sameiginlegt að **kunna að undrast eins og barn**. Má það til sanns vegar færa því grunneðli listarinnar er að spyrja spurninga og hvar væri heimspekin eða vísindin ef engar væru spurningarnar? **Forvitnin, hreyfiaflið** sem gerir það að verkum að við stöndum ekki í stað heldur höldum áfram að þroskast og sjáum lífið frá nýjum og nýjum sjónarhornum.

Listin er eins og barn sem er að uppgötva sjálft sig og heiminn sem það býr í. Rekið áfram af þörfinni fyrir það að standa ekki í stað heldur reyna að átta sig á tilverunni, sjálfu sér og samþilinu þarna á milli. Við leitum **tenginga**. Öll tilvera okkar gengur út á **samskipti**. Samskipti við okkur sjálf, við umhverfið. **Samskipti efnis og anda**.

Við fæðumst með einstaka hæfni til þess að afla okkur þekkingar.

Við sýnum snemma næmi til þess að finna leiðir til að koma nýfenginni reynslu í samhengi við fyrri reynslu þannig að útkoman verði **ný uppgötvun**.

Sköpunarkrafturinn er okkur öllum í blóð borinn en

lengi vel var talið að hann væri eingöngu fáum útvöldum gefinn. Sýnt hefur verið fram á með ótal rannsóknum að við eigum öll aðgang að honum. Spurningin er hinsvegar sú **hvernigvið nýtum hann, hvort við gerum okkur**

grein fyrir því að við nýtum hann oghvort við áttumokkur á því að við getum markvísstnýtt okkur hann.

Ekki verða allir listamenn þó við eigum öll sköpunarkraft frekar en að allir verði heimspekingar þó við hugsum öll.

Það ánægjulegasta í myndlistarvinnu minni með verðandi leikskólakennurum er það að upplifa fólk sem aldrei hefur viðurkennt sig sem skapandi einstaklinga og segist iðulega ekki hafa nokkra listræna hæfileika, **átta sig á eigin tilfinningu fyrir litum og formum.** Að það hefur sjálft sterka tilfinningu fyrir t.d. myndbyggingu og getur gert sér grein fyrir henni og sett í samhengi við aðra þætti í lífi sínu. Að það getur staðið með henni og rökstutt hana. Að það er ekki tilviljun að það sækir frekar í tiltekna liti í tilteknu samhengi frekar en aðra, eða hengir myndina á þennan vegg en ekki hinn.

Ef við lærum að treysta eigin hugboðum, gerum við okkur grein fyrir því að við búum yfir mikið meiri þekkingu og skilningi á fyrirbærum náttúrunnar en við héldum. Við þurfum ekki að vera óvirkir þiggjendur.

Algengt er að fullorðin fólk **segist ekki geta teiknað.** Það hefur aftur á móti verið margsannað að hver einasti maður getur teiknað mun betur en hann áttar sig. Margur hefur bara aldrei fengið tækifæri til þess að leggja rækt við það. Samfélagið er svo fljótt að flokka fólk með hæfileika eður ei og ef við sýnum ekki eindregna hæfileika í einhverja átt þá er okkur fljótlega hjálpað við að útiloka þann möguleika.

Aftur lærum við öll að lesa og skrifa þó við ætlum ekki að verða rithöfundar.

Við getum öll þjálfað okkur í teikningu. Má þar vísa í bókina „Drawing on the right side of the brain“ eftir Betty Edwards. Teikniþjálfun er ekki síst þjálfun í því að **kunna og þora að horfa.** **Að læra að treysta á augað sem mælitæki.** Og ekki bara augað heldur þurfum við að læra að **virka öll okkar skilningarvit til þessað „horfa“.** Þegar við höfum skoðað fyrirbæri frá ólíkum sjónarhornum erum við hæfari til þess að meta það. Við einfaldlega þekkjum það betur. Því eigum við oft auðveldara með að teikna hlut ef við höfum snert hann eða beitt öðrum skilningarvitum til þess að kynnast honum. Við horfum ekki eingöngu á fyrirbærið sem viðætluð að teikna heldur allt umhverfið. Við skoðum rýmið í kring um hlutinn. Við berum saman línur og fleti og metum afstöðu þeirra hver til annars. Um leið og hver lína er einstök er hún alltaf hluti af heild sem ber að skoða. Þarna kemur aftur að samskiptunum. Jafnvel þó að eingöngu ein lína sé í myndfleti er hún í samskiptum við myndflötinn. Á sama hátt og þó við séum einstök erum við aldrei ein. **Við erum alltaf í samhengi við umhverfi okkar.**

Listir - vísindi

Tilhneiging hefur verið á okkar tímum til þess að aðskilja þetta tvennt sem óskyld fyrirbæri, en ég staðhæfi að enginn verði listamaður nema hann hafi góða tilfinningu fyrir stærðfræði. Sú tilfinning er þó oft huglægari en sú sem krafist er í stærðfræðikennslu í skólum og þar af leiðandi koma þessir nemendur oft illa út í stærðfræðiprófum.

Listin og stærðfræðin eiga það sameiginlegt að velta fyrir sér stærðum, rými, afstöðu hluta hver til annars í tilteknu rými, hlutföllum, rúmmáli osfrv. Stærðfræðin byggir á því að nota tölur, þ.e. viðurkennt ritmál stærðfræðinnar, og setur viðfangsefnin upp í dæmaformi á meðan listin notar huglægari mælingartæki.

Myndlistina kalla ég gjarnan „cirka“ fræði á móti því að stærðfræðin sé talnafræði og miði við eina rétta útkomu.

„Cirka“ fræði, þó í raun sé ótrúlegt hversu nákvæmt augað getur verið.

Á síðustu árum hafa nýjir kennsluhættir í stærðfræðikennslu verið að ryðja sér til rúms hér á landi sem og hjá öðrum þjóðum. Þar er lögð áhersla á vinnuferlið, í stað útkomu og reynt að virkja meðfædda hæfni barna til þess að læra í gegn um eigin reynslu og upplifanir. Þarna sér maður Sköpunarkraftinn nýttann á markvissan hátt í þágu vísindanna.

Hversvegna hefur skólakerfi okkar tíma aðgreint listir og vísindi?

Hér kemur að þriðja þætti útskýringa íslenskrar orðabókar á hugtakinu „list“.

Háskóli miðalda var byggður upp á því sem kallað var hinar „Sjö frjálsu listir“ eða „Septem artes liberales“.

Á þeim tíma var allt nám skilgreint sem listir.

Tölvísi, mælskulist, hljómlist, stjarnfræði, og flatarmálsfræði var gert jafn hátt undir höfði og listir viðurkenndar sem grunnám.

Sjálfur Platón hélt því fram að listir væru undirstaða alls náms.

Á síðustu árum hafa menn verið að vakna til vitundar um það að **ekki sé rétt að aðgreina listir og vísindi** á þann hátt sem gert er á okkar tímum og velta fyrir sér hvernig hægt sé að ná tenginu.

Í fyrra var meðal annars haldin mjög forvitnileg alþjóðleg ráðstefna um þetta efni hér í R-vík þar sem fjöldi vísinda og listamanna báru saman bækur sínar.

Ég hvet fólk til þess að kynna sér þær leiðir sem **Loris Malaguzzi** bendir okkur á.

Hann er hugmyndafræðingurinn að baki þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað, frá því upp úr seinni heimsstyrjöld, í leikskólum í **Reggio Emilia** á Ítalíu.

Hann segir að við eigum að líta til barnanna og læra af þeim. Við ættum að líta til þess barns sem við einu sinni vorum og læra af því. Þegar barni er fenginn nægur tími, alúð og hvatnig, þegar vinnuaðferðum þess og hugmyndum er sýnd virðing er ótrúlegt hversu markvissum vinnubrögðum það beitir við það að reyna að átta sig á tilveru sinni og finna skilningi sínum birtingarform.

Við veltum því fyrir okkur hvernig við getum náð að tengja betur listir og vísindi en **börn** í Reggio þau framkvæma það sem við tölum um.

Sem börn tengjum við á eðlilegan hátt listir og vísindi með meðfædda fróðleiksfýsni og hæfni til skynjunar að vopni.

Í nýútkominni bók **Guðrúnar Öldu Harðardóttur**, lektors og brautarstjóra leikskólabrautar Háskólans á Akureyri „Í leikskóla lífsins“ segir að **Malaguzzi hafi gagnrýnt ríkjandi skólakerfi.**

Hann taldi að menning og skóli leitaðist almennt við að skilja að líkama og huga, þar sem kennt væri að **hugsa á líkama og framkvæma án hugsunar.** Hann taldi að **leikurinn og vinnan, veruleikinn og draumurinn, vísindin og hugmyndaflugið, hið innra og hið ytra væri gert að andstæðum.**

Hann gagnrýndi vestræna menningu og skóla fyrir að **afneita líkama og tilfinningum barnanna og upphéfa kerfishugsun, rökhugsun og hið talaða mál.**

Á öðrum stað í bókinni segir að í Reggio sé litið á menntun sem **rannsókn.**

Barnið noti rannsóknaraðferðir í uppgötvun sinni og námi og nálgist viðfangsefnin á margvíslegan hátt.

Þar er hvatt til þess að skapa **samfélag sem hefur not af virknibarna.**

Samfélag sem getur nýtt hugrekki þeirra jákvæðni, gleði og orku.

Við ættum að leggja okkur fram við það að **hlusta, að horfa, að raunverulega skynja hvernig börnin vinna.**

Hvernig þau leita leiða til þess að leysa vandamál og finna úrlausnir verkefna með **áherslu á ferlið en ekki útkomuna.**

Ef alúð er lögð í ferlið verður útkoman sjálfkrafa góð.

Ef skólakerfið nær að virkja þennan þátt í eðli okkar og **viðurkennahæfni okkar til þess að skynja okkar ytri og ynnri tilveru, hæfni okkar til þess að afla okkur**

reynslu, myndatengingar og draga ályktanir þá eru þeir í leiðinni að skapa vinnuhvetjandi andrúmsloft.

Peir eru að vinna gegn agaleysi. Barn sem upplifir að það standist ekki kröfur umhverfisins getur vissulega brugðist við því með neikvæðri hegðun og afstöðu.
Barn sem upplifir sig viðurkennt sýnir innri aga.

Hvað er skilningur?

Verður skilningur ekki til fyrr en við höfum náð að koma honum yfir í orð?

Hið yrta mál, tungumálið er sú mælistika sem við notum á skilning. Við viðurkennum tungumálið sem undirstöðu hvers samfélags og leggjum mikið upp úr tungumálakennslu. Orð eru sett upp í kerfi og útskýrð eftir kúnstarinnar reglum svo enginn vandi ætti að vera fyrir okkur að skilja hvert annað ef við bara fylgjum kerfinu.

En raunin er samt sem áður sú að við eigum einstaklega auðvelt með að miskilja hvert annað og rangtúlka.

Fólk leggur mismunandi skilning í orð, ákveðnar málfefðir skapast innan ákveðins hóps, mállýskur mismunandi landshluta, í hvaða samhengi eru orð eða hugtök notuð. **Eitt er hugsun þess sem tjáir sig,annað hvaða orð hann velur til að reyna að tjá hugsun sína, hvernig hlustar hlustandinn, hvernig skilur hann orðin sem eru sögð og hvernig túlkar hann þau?**

Að lesa á milli línanna.

Við tökum svona til orða og finnst við vera að fjalla um eitthvað óljóst.

En þarna ber að staldra við. Þarna kemur að táknmálinu sem okkur finnst vera óljóst af því við höfum ekki flokkað það á sama hátt og orðin. Við höfum ekki skilgreint það, ekki viðurkennt það.

Við höfum ekki lært það! Kannski finnst okkur það svo sjálfsagt að ekki þurfi að huga neitt sérstaklega að því.

Við lærum að tala. Við lærum móðurmálið okkar af umhverfinu og smám saman verður það hluti af hjartslætti okkar.

En við erum ekki þjálfuð í því að lesa táknmálið sem liggur að baki orðanna.

Við tengjum saman orð og sannleika, orð og skilning... í upphafi var orðið...

Þaðmerkilega er að í raun skiljum við mun meira af þessu óræða táknmáli en við gerum okkur grein fyrir.

Undirmeðvitundin veit lengra en nef hennar nær.

Við skiljum allskyns óyrst skilaboð frá umhverfinu **en við skiljum ekki að við skiljum þau.**

Þetta hafa þeir sem gera sér grein fyrir táknunum getað notfært sér frá upphafi mannkyns, **meðvitað eða ómeðvitað** til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt, bæði til góðs og ills.

Í seinni tíð heyrum við æ oftast minnst á það að gera börnin okkar læs á umhverfi sitt. En hvað meinum í raun við með þessu? Erum við kannski bara að einblína á það að gera þau læs á staðreyndir svo sem heiti á náttúruvafurberum og hinn hlutlæga heim okkar? Gera þau læs á okkar skilgreinda, mælanlega fullorðins heim.

Viljum við að þau verði leiksoppar þess að meðataka skilaboð frá umhverfinu án þess að gera sér grein fyrir því að þau geri það?

Í okkar sífellt hraðvirkari margmiðlunarheimi þar sem lítill tími gefst til þess að vega og meta upplýsingar verður tákniál hins óritaða máls sífellt sterkara. Auglýsingar, tíska, sjónvarp, tölvur, allt dælir þetta inn upplýsingum í myndrænu formi sem við meðtökum á augabragði.

Myndin getur sent okkur mörg skilaboð í einu en hið ritaða mál þarfnast atburðarrásar og þar afleiðandi lengri tíma til meðtöku segir norskri bókmenntafræðinginn Arnae Rasmussen um Barnabækur og margmiðlun.

Listin les á milli línanna. Hún þjálfar okkur í því að lesa í tákniál á milli línanna. Öll tákniál sem umlykja orðin og geta gjörbreytt þýðingu þeirra.

Listamaðurinn, meðvitað eða ómeðvitað, gerir sér grein fyrir mikilvægi þessa tákniáls og nýtir það markvisst í tengslum við sköpunarkraft sinn. Fyrir honum er þetta jafn skýrt og hið talaða mál er öðrum.

Eðli listarinnar er að **virka aðrar boðskiftaleiðir en eingöngu hið ritaða, talaða mál.**

Hún spyr spurninga, rannsakar, veltir upp öllum sýnilegum og ósýnilegum möguleikum og reynir að finna nýtt samhengi.

Ef þú færð ekki að þroska tilfinningu þína og skilning á tjámáli listarinnar staðnar þú í klisjunni. **Þú staðnar í eigin fordómum.**

Ómeðvitað fylgir þú í þeirri fölsku öryggiskennd sem klisjan veitir.

Við þurfum að byggja brýr, við þurfum að vera þolinmóð og gefa okkur tíma tilþess að skynja hvað að baki býr.

Við þurfum að gefa okkur tíma til þess að **hlusta með öllum okkarskilningarvitum.**

Ekki er öllum það jafn vel gefið að koma skilningi sínum yfir í orð, en það þarf ekki að þýða það að skilningur sé ekki fyrir hendi.

Ég hvet til þess listir séu nýttar í grunnnámi hvers einstaklings til þess að gera hann meðvitaðri um eigin hæfni til náms.

Arna G. Valsdóttir

Myndlistamaður og
lektor á leikskólakennarabraut H.A.